

**Nd.**

## **114. Frumvarp til laga**

[111. mál]

um Tónskáldasjóð Íslands.

Flm.: Halldór Blöndal, Ingólfur Guðnason, Vilmundur Gylfason, Guðrún Helgadóttir, Ólafur G. Einarsson, Ólafur P. Þórðarson.

1. gr.

Stofna skal Tónskáldasjóð Íslands. Stofnfé sjóðsins skal vera tífold meðalárslaun menntaskólakennara og greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Fjárveiting samkv. 1. gr. skal í fyrsta sinn veitt í fjárlögum fyrir árið 1983.

Í fjárlögum ár hvert sjóðnum síðan áætluð fjárveiting er nemi eigi lægri fjárhæð en að ofan greinir. Fjárhæðin skal endurskoðuð árlega við undirbúning fjárlaga með hliðsjón af breytingum á launum menntaskólakennara.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að hvetja tónskáld til starfa og stuðla að útbreiðslu íslenskrar tónlistar.

4. gr.

Til eftirtalinna verkefna má veita framlög úr sjóðnum:

- a) Til tónsmíða, enda hafi umsækjandi gert grein fyrir hvernig hann hyggist vinna að þeim.
- b) Til útgáfu íslenskrar tónlistar á hljómplötum, snældum og nótum.
- c) Til kynningar á íslenski tónlist innanlands og utan.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm manna stjórn Tónskáldasjóðs Íslands til fjögurra ára í senn. Skal formaður skipaður án tilnefningar, en hinir fjórir samkv. tilnefningu eftirtalinna aðila: Tónskáldafélags Íslands, Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar, Íslenskrar tónverkamiðstöðvar og Félags ísl. hljómlistarmanna.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að höfðu sámráði við félagssamtök þau, sem um getur í 5. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Frumvarp þetta var lagt fram á Alþingi s. l. vor, en hlaut ekki afgreiðslu. Þá fylgdi því svohljóðandi greinargerð:

„Á síðustu árum og áratugum hefur menntuðum tónlistarmönnum fjölgað svo hér á landi að það gengur kraftaverki næst. Fyrir því má raunar færa sannfærandi rök, að engin listgrein standi með jafnmiklum blóma um þessar mundir og tónlistin hér á landi, og er ekki hugsun flutningsmanna að fara út í frekari meting um ágæti einstakra listgreina en þessi orð fela í sér. En um hitt ættu allir að geta orðið sammála, að okkur sem menningarþjóð er mikill sómi að ágætri frammistöðu tónskálda okkar á erlendum vettvangi, ekki síður en hér heima. Er þess skemmst að minnast, að Atli Heimir Sveinsson hlaut tónskáldaverðlaun Norður-

landa og þótti hvarvetna vel að þeim kominn. Það gerist og æ algengara, að íslensk tónverk séu flutt á erlendum vettvangi.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er sniðið eftir lögum um Launasjóð rithöfunda og Þýðingasjóð og þeim hugmyndum, sem uppi hafa verið um Launasjóð myndlistarmanna. Höfuðhlutverk sjóðsins er að örva tónskáld til dáða og fylgja eftir tónlistarvakningu sem hér hefur orðið á undanförunum árum. Í þessu frumvarpi er út frá því gengið, að stofnfé sjóðsins nægi til þess, að unnt sé að veita 5 árslaun menntaskólakennara til tónskálda svo að þau geti gefið sig heils hugar að tónsmíðum sínum. Síðan er gert ráð fyrir því, að jafnmiklu fé sé varið til annarra þeirra verkefna, sem sjóðurinn á að anna, og hlýtur það að fara eftir atvikum hverju sinni, hversu það fé skiptist.

Það er skoðun flutningsmanna, að frumkvæði og sjálfstæði í menningarmálum sé ekki síður mikilvægt en efnaleg velgengni, enda styður þar hvort annað. Nauðsynlegt er að hvetja til skapandi starfs á sviði allra listgreina og einn liður í því er að endurskoða fjárveitingar til menningarmála með betri nýtingu þeirra í huga. Blómlegt menningarlíf gerir mannlífið auðugra og innihaldsríkara.

Við því er ekki að búast, að Alþingi treysti sér til að samþykkja þetta frumvarp á þessu þingi. Hins vegar töldu flutningsmenn nauðsynlegt að leggja það fram nú þegar til þess að unnt sé að hafa framlög til Tónskáldasjóðs Íslands í huga, þegar gengið verður frá fjárlaga-frumvarpi á hausti komanda, enda auðgert að samþykkja stofnun sjóðsins á haustþinginu, svo að hægt sé að veita fé úr honum strax á næsta ári. Þá ættu allar umsagnir og nauðsynlegar upplýsingar að liggja fyrir til þess að alþingismenn geti glöggvað sig á því máli, sem hér er hreyft við.“